

13. Fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í ráðhúsinu, 28. Október 2020 kl. 09:30

Á fundinn mættu: Aron Nökkvi Ólafsson form AFM-nefndar, Hanna Björk Grétarsdóttir, Hulda Hrönn Stefánsdóttir og Jón G. Valgeirsson, sveitastjóri.

Fjárhagsáætlun 2021

Jón fór yfir fjárhagsáætlun sveitafélagsins fyrir næsta ár. Lagt var áherslu á atvinnu-, ferða- og menningarmál.

Jón fór einnig yfir styrki frá sveitafélaginu til ýmissa verkefna líðandi árs.

Aðstæður samfélagsins af völdum Covid-19 hafa gert það að verkum að erfitt er að sjá fyrir breytingar eða nákvæm viðmið frá árinu 2020 svo sveitafélagið hefur ákveðið að halda að mestu leyti svipuðum áætlunum og ársins sem er að líða.

Nefndin er ánægð með þá ákvörðun að halda svipuðum áætlunum á þessum miklu óvissutímum, því ekki er auðvelt að útbúa áræðanlega fjárhagsáætlun á tímabundnum, erfiðum og breytilegum tímum.

Nefndin leggur ekki fram neinar sérstakar athugasemdir við áætlun sveitastjórnarinnar.

Fundi slitið kl. 10:30